BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 576

# Kristján Elíasson

(1911-1988)

## Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

*Einkaskjalasafn nr. 576*

# Kristján Elíasson

Formáli

Kristján Elíasson frá Elliða fæddist 6. ágúst 1911 í Arnartungu í Staðarsveit á Snæfellsnesi. Faðir hans var Elías Kristjánsson frá Ytra- Lágafelli í Miklaholtshrepp á Snæfellsnesi. Móðir Kristjáns var Sigríður Guðrún Jóhannesdóttir húsfreyja frá Skarfanesi í Landssveit . Þau fluttu frá Arnartungu 1921 að Elliða í Staðarsveit og þar ólst Kristján upp.
Kristján naut ekki langrar skólagöngu sem barn, en farkennari kom heim að Elliða og kenndi börnunum af nokkrum bæjum í Staðarsveit. Kristján útsjónarsamur og þrautseigur. Hann var miklum hæfileikum búinn og fékk notið sköpunarhæfileika sinna á margan hátt. Sem dæmi má nefna að 19 ára gamall útbjó hann rafstöð í bæjarlæknum á Elliða til að hlaða útvarpsgeyma, þegar Ríkisútvarpið tók til starfa 1930 og hlóð einnig útvarpsgeyma fyrir fólk á næstu bæjum.

Í ársbyrjun 1931 flutti Kristján til Reykjavíkur þar sem hann vann við uppskipun úr togurum og alla almenna hafnarvinnu. Um haustið sótti hann um skólavist í Laugarvatnsskólanum, var þar í tvo vetur og fór síðan í Verzlunarskóla Íslands haustið 1934 og lauk verslunarprófi þaðan vorið 1936.

Fyrri kona Kristjáns var Anna Gunnlaugsdóttir (1910-2010) . Þau eignuðust þrjú börn: Elías Sigurð (1938-), Kolbrúnu (1943-1988) og Hörð Brynjar (1944-1995). Seinni kona Kristjáns, 1945, var Guðný Jónsdóttir (1915-1996) frá Hólmum í Vopnafirði. Dóttir Guðnýjar er Edda Sigurbjörg Sigurðardóttur fædd 12. júní 1942.

Rétt fyrir seinna stríð lærði Kristján skreiðarmat af norskum manni sem kom hingað til lands að tilstuðlan íslenska ríkisins og starfaði hann sem skreiðarmatsstjóri uns Fiskmat ríkisins var sett á stofn. Eftir það varð hann yfirmaður skreiðarmatsins allt til ársins 1970. Á árunum 1970-1981 starfaði Kristján sem stjórnarráðsfulltrúi í dómsmálaráðuneytinu, en hann annaðist útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðsins á þeim tíma. Hann lét af störfum fyrir aldurssakir 1981.

Kristján og Guðný byggðu sér sumarbústað á Elliða og er þar mjög athyglisvert safn gamalla hluta. Kristján var áhugamaður um bækur og safnaði meðal annars gömlum guðsorðabókum, svo sem útgáfum af Biblíunni og gömlum sálmabókum.
Kristján Elíasson andaðist 12. desember 1988.
(Heimildir: *Morgunblaðið* 21. september 1988, bls. 60-61). Minningargrein sett fremst í öskju 1. Sjá einnig skjalasafn E-577, Guðný Jónsdóttir.

*Afhending:* Guðný Norðdahl Einarsdóttir 30. október 2015.
*Innihald:* Dagbækur, m.a. úr vinnuferðum, skírteini, ljóðmæli og fleira.
*Tími*: 1720-1986.

# Skjalaskrá

## Bréfa- og málasafn

### Askja 1
*Bréfa- og málasafn, 1954-1977.*

Örk 1
Bréf til Kristjáns Elíassonar. Á umslagið er ritað: *Úr Stykkishólmi suður Kerlingaskarð*, frásögn eftir Oscar Clausen. Í umslaginu er *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* frá 1963 og greinin er þar á bls. 60-63.
Atvinnumálaráðuneytið. Bréf um möguleika Kristjáns Elíassonar til að komast í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 24. apríl 1965.
Bréf til Kristjáns Elíassonar frá oddvita Staðarsveitar, vegna gróðurkorts yfir jörðina Elliða, 26. febrúar 1987.
Félag íslenskra bifreiðaeigenda ( FÍB). Félagsskírteini Kristjáns Elíassonar, 1974.
Félag farstöðvaeigenda. Félagsskírteini Kristjáns Elíassonar, og 3 límmiðar, 1974.
Póst- og símamálastjórn. Leyfisbréf Kristjáns Elíassonar til að eiga og nota einkatalstöð, 12. ágúst 1974.
Félag farstöðvaeigenda. Félagsskírteini Kristjáns Elíassonar, 1975.
Félag farstöðvaeigenda. Félagsskírteini Kristjáns Elíassonar, 1976-1977.
Póst- og símamálastjórn. Reglur um starfrækslu talstöðva í 27 MHz tíðnisviðinu, 1974 og 1975.
Félag íslenskra bifreiðaeigenda ( FÍB). Límmiði í umslagi.
Norræna félagið. Boðskort á skemmtifund, 27. október án árs.
Minnismiðar.
Ýmsar vísur, stökur o.fl.

*Dag- og ferðabækur Kristjáns Elíassonar, handritaðar, 1954- 1965.*
Ferð til Noregs 1954, bók.
Dagbók, ferð til Ítalíu 1955, aftast í bókinni eru tvö handskrifuð blöð úr þessari ferð.
Dagbók, ferð til Ítalíu, 15. janúar til 1. febrúar, 1956.
Skreiðarverkun 1959 og hausaherzlan 1958, athuganir á skreiðarframleiðslu, bók.
Dagbók, 1959.
Dagbók, ferð til Ítalíu 1965. Fremst í bókinni eru þrjár ljósmyndir líklega af sendinefndinni frá Íslandi og lítil minnisbók úr sömu ferð.

Örk 2
*Fiskmat ríkisins, 1954-1965.*
Bréf til og frá Kristjáni Elíassyni, 1954-1965.
Athugasemdir Kristjáns Elíassonar, athugasemdir við skýrslu um Noregsför 1954, erindi 1962, minnisblað, reglugerð o.fl.
Umslag: Erindi sendinefnda S.S.F. (Samlags skreiðarframleiðenda?) til Ítalíu 1960, handrituð lýsing o.fl.
Árshóf að Hótel Borg, matseðill og dagskrá, 4. febrúar 1972.
Ýmsar upplýsingar um verkun skreiðar o.fl.
Ýmsar uppskriftir.

### Askja 2
*Bréfa- og málasafn, handritaðar bækur, 1955-1970.*

Ýmsar vísur eftir Kristján Elíasson, örnefni á Lágafelli- ytra o.fl.
Minnisbók. Framan á hana er ritað: Kristján Elíasson, Kleppsvegi 6, Reykjavík.
Handskrifaðar vísur og stökur eftir Kristján Elíasson og fleiri. Ljóðaúrklippur aftast í bókinni.
Vísur og kvæði úr handritum, ýmis ljóð rituð úr handritum á Landsbókasafninu.
Samtíningur, vísur og kveðskapur.
Útdráttur úr gömlum annálum.
Stuttur útdráttur úr verslunarsögu.

Páll Þórhallsson V. bekk. Handskrifuð námsbók í frönsku, 1955.
Ýmsar gamlar gamanvísur og bragir, 1960-1970.
Journal. Ein vísa er fremst í bókinni.
Vísur eftir ýmsa höfunda. Einnig númerað yfirlit vegna ættfræðiathugana Kristjáns Elíassonar sem geymt er í skjalaskáp hans.

**Askja 3**
*Bréfa- og málasafn, 1962-1986.*
*Ritaðar skrár yfir segulbandsupptökur Kristjáns Elíassonar.*

Örk 1
Segulbandaupptökur 1- 46, 1962-1976

Örk 2
Segulbandaupptökur 47- 80, 1965-1971.

Örk 3
Segulbandaupptökur 81- 112, 1973-1986
Gamanbragur um Alfreð Andrésson, án árs.

**Askja 4**
*Bréfa- og málasafn, prentað mál og bókhald 1720-1986.*

*Handritað af Kristjáni Elíassyni.*

Örk 1
Sóknarmanntöl í Staðastaða- og Búðasókn 1899-1910
Aðalmanntal í Búðasókn 1910

Örk 2
Bændatöl, 1720-1950.
Manntöl, 1835-1845.
Skrá yfir ferðabækur Kristjáns Elíassonar, 1986.
Yfirlit yfir útgefin rit Þórbergs Þórðarsonar, formáli úr gamalli sálmabók o.fl.
Skrá yfir staðsetningu bóka í bókahillum Kristjáns Elíassonar.
Ritgerð, sagnfræði, ættartölur, viðtal við H. G. Wells o.fl.

## *Prentað mál*

*Röbergs málið.* Samlag skreiðarframleiðenda ræður norskan skreiðarmann og setur til höfuðs íslenska Ríkismatinu, 1954.
*Leiðbeiningar fyrir nemendur á Fiskiðnaðarnámskeiði Sjávarútvegsmálaráðuneytisins*, 1959.
*Leiðbeiningar fyrir trúnaðarmenn í skreiðarmati og lestunarstjóra, sem lesta skreið*, 1961.
*Fyrirmæli og leiðbeiningar um mat á óverkuðum saltfiski til útflutnings*, 1961.
*Nokkur atriði um skemmdir í fiski,* án ártals.
*Leiðbeiningar um verkun á Stock- fiski (bútung)*, án árs.
*Nokkur atriði til leiðbeiningar við aðgerð og verkun fisks til herzlu*, án árs.
*Stockfish*, 1956
*Edda gæðaflokkur: Leiðbeiningar og ýmsar upplýsingar um matið*, 1966.
*Íslenskur sjávarútvegur,* fremst í bæklingnum eru handrituð vísubrot, án árs.
Sigurður Skúlason. *Minnisbók ferðamanna*, 1931.
*Tímarit lögfræðinga*, 1962.
*Wagons-lits//cook*, 1954.
*Carnet del Turista- The tourist's hand-book*, 1955.
*How to visit Rome and its environs*, 1964.
*Wagons-lits et des grands express européens*, án árs.
*In treno– Attraverso L'italia*– með korti af Ítalíu, án árs.
*Alperne Cote d'azur– Frankrig*, 1955.
*Sightseeing in & around Rome*, 1954.

## Bókhald

Bókhaldsbók, sem inniheldur ferðakostnað, mat á akstursþörf o.fl., 30. september 1940 til 1. janúar 1944. Fremst í bókinni er uppgjörsblað frá 1972.

Bókhald 1965-1984.
Launamiðar, kvittun frá Friðrik A. Jónssyni, kvittun frá Húseigendafélagi Reykjavíkur 1984, reikningur til Fiskmats ríkisins frá Kristjáni Elíassyni 1965, kvittun fyrir útvarpsgjaldi 1977, kvittun fyrir greiðslu útvarpsgjalds 1977, kvittun frá Radíóbúðinni 1977, álagningarseðill 1974, yfirlit frá Reiknistofu bankanna 1984, reikningur frá Landsbókasafni og reikningur frá Gunnari Bernhard 1972.

Skráð í desember 2015
Sigríður Sigurjónsdóttir
Gréta Björg Sörensdóttir